Fréttatilkynning
08 December 2025 22:40:00 GMT

# Íslandsbanki hf.: Krafa um hluthafafund og stjórnarkjör

Stjórn Íslandsbanka hefur borist krafa frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 1/20 hlutafjár í bankanum um að boðað verði til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Er krafan gerð í samræmi við 84. grein hlutafélagalaga nr. 2/1995 og ákvæði samþykkta Íslandsbanka.

Samkvæmt ákvæðum samþykkta Íslandsbanka og hlutafélagalaga skal boða til fundarins innan 14 daga frá móttöku kröfu þar um, og skal hann þá boðaður með að lágmarki þriggja vikna en að hámarki fjögurra vikna fyrirvara.

**Frekari upplýsingar veita:**
Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

**Viðhengi**
**Íslandsbanki hf.: Krafa um hluthafafund og stjórnarkjör**